



568. fundur stjórnar SASS

Haldinn í fjarfundi

24. mars 2021, kl. 13:00 – 15:00

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Helgi Kjartansson, Lilja Einarsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson og Einar Freyr Elínarson. Fundarmenn tengjast fundinum í gegnum fjarfundarhugbúnað. Undir dagskrárlið 2 tekur þátt Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 567. fundar staðfest en hún verður undirrituð síðar.

2. Sóknaráætlun Suðurlands

- a. Formaður kynnir erindi sem SASS hefur borist frá fulltrúum Gullkistunnar, miðstöð sköpunar á Laugarvatni en það hljóðar svo: „Okkur langar að fá upplýsingar um hvort það sé yfirlýst stefna skv Sóknaráætlun Suðurlands að gefa ekki kost á því að sækja um stofn- og rekstrarstyrki í Uppbyggingarsjóðnum eins og gert er í öðrum landshlutum.“

Við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands hefur þeirri línu verið fylgt að styrkja verkefni á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar. Um vel skilgreind verkefni er að ræða. Í samningi um Sóknaráætlun Suðurlands er tilgreint í grein 2.1. að hlutverk sjóðsins sé að styrkja verkefni sem falla að Sóknaráætlun landshlutans. Niðurstaða stjórnar SASS er að túlka þetta þröngt og því hefur sjóðurinn ekki verið að veita stofn- og rekstrarstyrki.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu byggt á framangreindu.

- b. Formaður kynnir skipulag og forsendur tillagna að fyrri úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands 2021. Stjórn samþykkir að fyrir næstu úthlutun verði úthlutunarreglur endurskoðaðar.

Alls bærust 166 umsóknir í sjóðinn 67 í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar og 99 í flokki menningarverkefna. Stjórn hefur miðað við að skipting fjármuna á milli menningar og atvinnu og nýsköpunar árið 2021 sé þannig að 20 m.kr. fari til hvors flokks í fyrri og seinni úthlutun.

Tillaga fagráðs atvinnu- og nýsköpunar leggur til að veita 21 af 67 verkefnum styrk eða um 31% umsókna. Samtals leggur ráðið til að úthluta 16 m.kr.

Grétar Ingi vék af fundi þar sem fyrirtæki sem hann tengist á umsókn. Þetta er gert til að tryggja málsmeðferð við úthlutunina og er til samræmis við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.



Fagráð menningar leggur til að veita 53 af 99 verkefnum styrk eða rúmlega 53% umsókna. Samtals leggur ráðið til að úthluta tæplega 24 m.kr.

Þórður Freyr kynnir nánar vinnu fagráðanna og forsendum sem liggja til grundavallar framangreindum tillögum.

Stjórn samþykkir tillögu fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunar óbreytta. Eftirtalin atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni hljóta því styrk:

Heiti verkefnis	Styrkþegi	Fjárhæð
Fjölnýting jarðvarma til orkuvinnslu í dreifbýli	Raföld ehf.	1.500.000
Markaðssókn fyrir þrjónavörur Kötlu inn á markaði	Þrjónastofan Katla ehf.	1.400.000
Rannsóknir fyrir undirbúning fiskeldis í Viðlagafjöru	Sjálfbært fiskeldi í Eyjum ehf.	1.250.000
Fæðubót með lifandi gerlum	Jorth ehf.	1.250.000
Tölvustýrt fjöðrunarkerfi	Bilbo ehf.	1.250.000
Afsláttur og þvottur á fiskþurrkunar grindum	Vélaverkstæðið Þór ehf.	1.200.000
Íslenski bærinn - Vettvangur þverfaglegrar menntunar	Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir	1.000.000
Þróunarverkefni á fræræktun á Íslandi	Skálpur slf.	1.000.000
Markaðssetning Öræfa	Eyrún Halla Jónsdóttir	750.000
Að róta til bóta	Mercator ehf.	650.000
Jökla- og fjallasetur - Viðskiptaáætlun, hönnun o.fl.	GlacierAdventure ehf.	600.000
Íslenskt ávaxtavín	Húsið og Hafið ehf.	500.000
Málið í myndum	Halla Marinósdóttir	500.000
Algjört nammi	Húsið og Hafið ehf.	500.000
Vörupróun á Hrafninnu búna til úr Líparíti frá Kötlu	Icelandic Lava Show ehf.	500.000
Strengjasmíðjan	Haukur Pálmason	500.000
Vínstofa Friðheima	Friðheimar ehf.	450.000
Vörupróun	Fjallsárlón ehf.	400.000
Náttúruafurð	Sigurborg Þ. Óskarsdóttir	300.000
Markaðssetning á Hlöðueldhúsinu í Þykkvabæ	Loki 28 ehf.	300.000
Electric Vik Biking Explorer	Eric Sol Canagueral van der Wal	200.000

Stjórn samþykkir verkefnatillögur fagráðs menningar en til að nálgast fjárhagsramma, sjá hér að ofan, lækki fjárhæð til hvers verkefnis um 10% og heildarstyrkur verði 20,871 m.kr. Eftirtalin menningarverkefni hljóta því styrk:

Heiti verkefnis	Styrkþegi	Fjárhæð
Sumartónleikar í Skálholti 2021	Sumartónleikar Skálholtskirkju	900.000
Undirliggjandi minni	Ólafur Sveinn Gíslason	900.000
Suðurlandstváeringur - The Subject of CARE / Laboratorium	Sigrún Birgisdóttir	720.000
Þjóðsagnavefur - Suðurland	Kirkjubæjarstofa	720.000
NEST (Seinni hluti)	Home Soil ehf.	720.000
VOLAÐA LAND (seinni hluti)	Anton Máni Svansson	675.000
Konunglegir nýárstónleikar	Matarkráin ehf.	675.000
Pólskur kvikmyndaklúbbur á Höfn	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	675.000
Útlistaverk í Árnessýslu (rannsókn og ratleikur)	Listasafn Árnesinga	630.000
Hvað er svona merkilegt við Skálholt? - Menningardagar	Skálholtsstaður	630.000
Fræðsluverkefni í tæknivinnu fyrir ungmenni	Hljómlistafélag Ölfuss	540.000
Magn tímafars-Power of Passage	Hannes Rúnar O Lárusson	540.000



Heiti verkefnis	Styrkþegi	Fjárhæð
Myndlistarsýning : Hringfarar	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	540.000
Suðurlands Djazz	Sigurgeir Skafti Flosason	450.000
Sunnlensk kórtónlist í 150 ár	Ingibjörg Erlingsdóttir	450.000
Eureka // Gary Hill, Steina og Woody Vasulka	Listasafn Árnesinga	450.000
Róska og kvenorkan	Listasafn Árnesinga	450.000
Kynningartónleikar vegna Tónlistarbekkir	Inga Margrét Jónsdóttir	405.000
Community land art project	Antoine Michel Brieuc Blondé	360.000
Brimrót menningarsumar	Pétur Már Guðmundsson	360.000
Listin á vistinni	Agnes Hjaltalín Andradóttir	360.000
Listin að leika sér - leiklistarnámskeið við Ströndina	Hera Fjölisdóttir	360.000
Menningarstarf að Kvoslæk	Rut Ingólfssdóttir	360.000
Missir- varðveisla tilfinninga - sumarsýning 2021	Byggðasafn Árnesinga	360.000
Leikur í leir	Hafdís Brandsdóttir	360.000
Náttúrutónar	Sæbjörg Eva Hlynsdóttir	360.000
Myndlistarnámskeið í Íslenska bænum sumarið 2021	Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir	360.000
Sumarnámskeið í teikningu 2021	Elín María Halldórsdóttir	360.000
Strengir á ferð um Suðurland	Katrín Birna Sigurðardóttir	360.000
Listasmiðja við Ströndina	Alda Rose Cartwright	360.000
Myndlistarsýning Erlu Þórarinsdóttur	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	360.000
Fortíðarsamtal - fyrir framtíðina	Náttúrustofa Suðausturlands ses.	315.000
Bach í Skálholti 2021	Jón Bjarnason	315.000
Sagan gerð aðgengileg - höldum áfram	Héraðsskjalasafn Árnesinga	315.000
Ljósmyndunarnámskeið	Agnes Hjaltalín Andradóttir	270.000
Hafið kemst vel án okkar	Listasafn Árnesinga	270.000
Sagnalist á Suðurlandi	Njörður Sigurðsson	270.000
"Er þetta líka Rangæingur?"	Héraðsskjalasafn Árnesinga	270.000
Akkúrat art	Michal Blazej Lenda	270.000
Bjartir sunnudagar á Eyrarbakka	Bakkastofa ehf.	270.000
Komdu í fjársjóðsleik!	Kötlusetur ses.	270.000
Myndlistarsýning KS	Auður Margrét C Mikaelisdóttir	225.000
Fjallkonan leikrit sýnt eldri borgurum Árborgar	Hera Fjölisdóttir	225.000
Vísband	Náttúrustofa Suðausturlands ses.	225.000
Jessica Jones og gímaldin á Fagurhólsmýri	Gísli Magnússon	225.000
Eflandi leiklist á ströndinni	Magnús Jóhannes Magnússon	225.000
Má bjóða þér sopa? - gjörningur og vídeóverk	Ósk Gunnlaugsdóttir	225.000
Þögnin rofin ! Tónleikar	Vestmannaeyjabær	225.000
Sagan og landið	Rangárþing eystra	180.000
Af hverju Ísland? Podcast	Klaudia Beata Wróbel	180.000
Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	153.000
Eyrarbyggimyndir Sigurðar kaupmanns	Byggðasafn Árnesinga	135.000
Dansnámskeið á Höfn	Margrét Erla Maack	63.000

Núverandi aðstæður, af völdum Covid-19 veirunnar, valda því að erfitt verður að ganga frá samningum við styrkþega með hefðbundnum hætti. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að útfæra samningsgerðina með rafrænum hætti.

Grétar Ingi kom á fundinn að lokinni umfjöllun.



3. Önnur mál til kynningar og umræðu

- a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka.

Lagðar fram til kynningar, fundargerðir 519. – 521. funda stjórnar SSH, fundargerðir 22. og 23. funda stjórnar SSNE, fundargerðir 765. – 766. funda stjórnar SSS, fundargerð 64. fundar stjórnar SSNV og fundargerð 895. fundar stjórnar sambandsins.

- b. Tillaga að aðgerð í Byggðaáætlun

Formaður kynnr svohljóðandi bókun stjórnar SSNE um aðgerð í Byggðaáætlun: „Almennt verði gert ráð fyrir því að, að minnsta kosti, þriðjungur einstaklinga sem tilnefndir eru í stjórnir, ráð og starfshópa á vegum ríkisins og opinberra stofnanna í þeirra eigu séu búsettir utan höfuðborgarsvæðisins“.

Stjórn SASS tekur undir með stjórn SSNE og gerir framangreinda bókun þeirra að sinni.

- c. Landsþing sambandsins

Formaður kynnr að boðuðu landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem halda átti 26. mars n.k. á Grand Hótel í Reykjavík hefur verið frestað til fram í maí n.k.

- d. Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi

Ályktun stjórnar SASS vegna stöðu garðyrkjunáms við garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi.

Stjórn SASS leggur áherslu á að stjórnvöld tryggi framtíð starfsmenntanáms garðyrkjunnar á Íslandi að Reykjum í Ölfusi en ráðherra mennta- og menningarmála hefur þegar ákveðið að aðskilja hann frá LbHÍ og flytja námið til FSu. Við breytinguna verður að tryggja starfsmenntanáminu nauðsynlega fjármögnun og örugga starfsaðstöðu að Reykjum þar sem skólinn hefur verið rekinn hátt í hundrað ár enda verður ekki hægt að kenna garðyrkju nema með aðgangi að aðstöðu og svæði til ræktunar.

Í Garðyrkjuskólanum er fjölbreytt menntun í sex atvinnugreinum sem eru allar mikilvægar fyrir Suðurland en auk þess er áhersla á að efla iðn – og verknám í landinu.

Nám við skólann hefur verið aðgengilegt fyrir nemendur á öllum aldri og þarf að tryggja að svo verði áfram þrátt fyrir breytingarnar.

Mikilvægt er að viðhalda fagmennsku til að efla starfsemina og með því styðja við markmið stjórnvalda um að auka framleiðslu á íslensku grænmeti um 25% fyrir árið 2023, efla fæðuöryggi þjóðarinnar og sjálfbærni sem styður við aðgerðir í loftslagsmálum. Því er brýnt að tryggja það að áfram verði boðið upp á metnaðarfullt garðyrkjunám, jafnframt því sem unnið er að nýsköpun í greininni.

- e. Verslun í dreifbýli

Stjórn SASS áréttar mikilvægi samkeppnislaga og að aðilar á markaði fylgi þeim.

Að gefnu tilefni áréttar stjórn SASS mikilvægi dagvöruverslana fyrir nærumhverfið en lokun þeirra getur haft umtalsverð neikvæð áhrif á byggðaþróun og getur rýrt samkeppnishæfni sveitarfélaga sem ákjósanlegs búsetukosts til framtíðar. Það er varla



hægt að hugsa sér verri útkomu fyrir samkeppni um dagvöruverslun í Rangárvallasýslu en þá að loka einu matvörubúðinni í öðru kaптúninu.

Framkvæmdastjóra einnig falið að koma bókuninni á framfæri sem athugasemd við byggðaaáætlun.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 7. maí n.k. kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 15:30.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Helgi Kjartansson
Lilja Einarsdóttir
Einar Freyr Elínarson
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Friðrik Sigurbjörnsson
Ari Björn Thorarensen
Arna Ír Gunnarsdóttir
Gréтар Ingi Erlendsson